

Endurrit úr þingbók Kjaradóms

Árið 1982, mánudaginn 20. september, var Kjaradómur settur að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

- I. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands.

Frá 1. september 1982 skulu laun forseta Íslands vera 49.394 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- II. Að taka ákvörðun um laun dómara í Hæstarétti Íslands.

Frá 1. september 1982 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 39.514 krónur á mánuði en laun annarra hæstaréttardómara 36.920 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- III. Að taka ákvörðun um laun ríkisstjórnar Íslands.

Frá 1. september 1982 skulu laun forsætisráðherra vera 23.777 krónur á mánuði en laun annarra ráðherra 21.153 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- IV. Að taka ákvörðun um laun ríkissaksóknara.

Frá 1. september 1982 skulu laun ríkissaksóknara vera 36.920 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

V. Að taka ákvörðun um laun ríkissáttasemjara.

Frá 1. september 1982 skulu laun ríkissáttasemjara vera 36.920 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VI. Að taka ákvörðun um laun ráðuneytisstjóra.

Frá 1. september 1982 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 31.789 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VII. Að taka ákvörðun um laun biskups Íslands.

Frá 1. september 1982 skulu laun biskups Íslands vera 34.675 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VIII. Að endurskoða ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna.

1. Þingfararkaup verði 24.690 krónur á mánuði frá 1. september 1982.
Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.
2. Húsnæðiskostnaður verði 3.800 krónur á mánuði frá 1. september 1982.
3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 130 krónur á dag frá 1. september 1982.
4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 22.500 krónur frá 1. september 1982 miðað við ársgreiðslu.
5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. september 1982 á mánuði:

Í Reykjavíkurkjördæmi	1650 krónur
Í Reykjaneskjördæmi	2975 -
Í öðrum kjördæmum	4925 -

Fleira ekki gert. Kjaradómi slitið.

Bundin íslensk

Ólafur Þórarinsson
fóru Rögnvaldssyni

Torfinnur
Jarl Ólafusson